

# Hrútatrygging

Vátryggingarskilmálar nr. ED10

Um váttrygginguna gilda:

- Váttryggingarskírteinið ásamt áritunum og sér-skilmálum.
- Skilmálar þessir nr. ED10.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í váttryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

**Efnisyfirlit:**

1. Váttryggðir hagsmunir
2. Váttryggður
3. Váttryggingin gildir
4. Bótasvið
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Varúðarreglur
7. Brot á varúðarreglum
8. Samsömun
9. Greiðsla iðgjalds
10. Endurgreiðsla iðgjalds
11. Aldurstakmörk
12. Eigendaskipti
13. Váttryggingarfjárhæð
14. Eigin áhætta
15. Ákvörðun bóta
16. Tvíttrygging
17. Fyrning

## 1. Váttryggðir hagsmunir

---

Váttryggingin gildir fyrir hrút sem tilgreindur er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

## 2. Váttryggður

---

Váttryggingartaki er váttryggður.

## 3. Váttryggingin gildir

---

Váttryggingin gildir á Íslandi.

## 4. Bótasvið

---

**Váttryggingin bætir:**

- 4.1 Hrúttinn vegna dauða af völdum:
  - 4.1.1 Slyss, þ.m.t. eldsvoða.
  - 4.1.2 Veikinda eða sjúkdóma.

**Váttryggingin bætir ekki:**

- 4.2 Slyss, veikindi eða sjúkdóma sem hafa í för með sér að váttryggður hrútur verður eigi hæfur til sömu notkunar og áður, en lifir þó.
- 4.3 Tjón vegna aflifunar váttryggðs hrúts samkvæmt lögum um smitnæma sjúkdóma eða samkvæmt fyrirmælum opinberra aðila.
- 4.4 Váttryggðan hrút ef hann er aflífaður án samráðs við dýralækni, nema tafarlausrar aflifunar sé þörf.
- 4.5 Útlagðan kostnað vegna lækniástoðar, lyfjakaupa eða annan aukakostnað eiganda vegna slyss, veikinda eða sjúkdóms hrútsins.
- 4.6 Tjón sem verður í flutningi eða sem afleiðing af flutningi á váttryggðum hrút með skipum eða flugvélum innanlands, nema annað komi fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

- 4.7 Tjón sem verður þegar hrútur er lánaður eða leigður út eða tjón sem er afleiðing af láni eða útleigu, nema annað komi fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

## 5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

---

Váttryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 5.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 5.2 Styrjalдар, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 5.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

## 6. Varúðarreglur

---

- 6.1 Umhirða hrútsins, vistarverur og fóðrun, skal vera í samræmi við ákvæði laga um dýravernd nr. 15/1994 með síðari breytingum, svo og öðrum lögum og reglugerðum sem við eiga.
- 6.2 Váttryggður skal auðkenna hrútinn á þann hátt sem félagið samþykkir.
- 6.3 Váttryggður skal fara eftir gildandi reglum og fyrirmælum yfirvalda og dýralæknis um varnir gegn smitsjúkdómum í húsdýrum.
- 6.4 Ef hrúturinn meiðist eða sýkist ber váttryggðum að leita aðstoðar dýralæknis og fara eftir fyrirmælum hans.

## 7. Brot á varúðarreglum

---

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 8. Samsömun

---

- 8.1 Félaginu er heimilt að bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinum váttryggða hrút.
- 8.2 Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnenda váttryggðs og umsjónarmanns hins váttryggða hrúts.

## 9. Greiðsla iðgjalds

---

- 9.1 Iðgjald fyrir váttrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 9.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu váttryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 10. Endurgreiðsla iðgjalds

---

Falli váttryggingarsamningur úr gildi áður en váttryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem váttryggður hefur greitt fyrir og váttryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef váttryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.

## 11. Aldurstakmörk

---

Tryggingin fellur sjálfkrafa niður við næstu endurnýjun eftir að hrúturinn er fullra 8 vetra.

## 12. Eigendaskipti

---

Ef eigendaskipti verða að hinum váttryggða hrút fellur váttryggingin úr gildi þegar eigendaskipti hafa átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef váttryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi eigandi hefur ekki sjálfur tekið váttryggingu.

### 13. Vátryggingarfjárhæð

---

- 13.1 Hámarks vátryggingarfjárhæð er tilgreind í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 13.2 Upphæð vátryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti gripisins.

### 14. Ákvörðun bóta

---

- 14.1 Bætur skulu nema sem næst sannvirði hins vátryggða hrúts en verða þó aldrei hærrí en sem nemur vátryggingarupphæðinni.
- 14.2 Þegar hrútur meiðist eða sýkist er félaginu heimilt að láta dýralækni skoða hann.

### 15. Tvítrygging

---

- 15.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 15.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 15.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

### 16. Fyrning

---

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.